



2012



AÐALFUNDUR EININGAR-ÍÐJU

**Menningarhúsinu HOFI
Þriðjudaginn 17. apríl 2012
kl. 20:00**

FÉLAGAVEFUR!

Skráðu þig strax í dag á www.ein.is

Aðalfundur félagsins 17. apríl 2012

Dagskrá

1. Fundarsetning/fundarstjóri.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Reikningar félagsins.
4. Lýst kjöri stjórnar, trúnaðarráðs og skoðunarmanna.
5. Kosning löggilts endurskoðanda félagsins.
6. Veiting gullmerkis félagsins.
7. Kaffihlé.
8. Lagabreytingar (Seinni umræða)
9. Tillaga að breytingum á reglugerð sjúkrasjóðs.
10. Kosnir tveir fulltrúar í kjörstjórn og tveir til vara.
11. Kosið í fastanefndir félagsins og stjórnir.
12. Kosning 37 fulltrúa á ársfund Stapa lífeyrissjóðs
13. Ákvörðun um stjórnarlaun aðalstjórnar.
14. Önnur mál.

Eining-Iðja

Ársreikningur 2011

Efnisyfirlit	bls.
Ársskýrsla	2
Skýrsla stjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	14
Áritun skoðunarmanna	15
Yfirlit um rekstrarafkomu félagsins	16
Yfirlit um efnahag félagsins	17
Rekstrarreikningur félagssjóðs	18
Efnahagsreikningur félagssjóðs	19
Rekstrarreikningur sjúkrasjóðs	21
Efnahagsreikningur sjúkrasjóðs	22
Rekstrarreikningur orlofssjóðs	23
Efnahagsreikningur orlofssjóðs	24
Rekstrarreikningur vinnudeilusjóðs	25
Efnahagsreikningur vinnudeilusjóðs	26
Rekstrarreikningur fræðslusjóðs	27
Efnahagsreikningur fræðslusjóðs	28
Rekstrarreikningur byggingarsjóðs	29
Efnahagsreikningur byggingarsjóðs	30
Rekstrarreikningur hússjóðs Dalvíkur	31
Efnahagsreikningur hússjóðs Dalvíkur	32
Rekstrarreikningur hússjóðs Siglufjarðar	33
Efnahagsreikningur hússjóðs Siglufjarðar	34
Rekstrarreikningur skrifstofu Einingar-Iðju	35
Samandreginn rekstrarreikningur	36
Samandreginn efnahagsreikningur	37
Sjóðstreymi	38
Skýringar og sundurliðandir	39
Fimm ára yfirlit	44
Dagskrárliður 4 – Stjórn, skoðunarmenn og trúnaðarráð	45
Dagskrárliður 5 - Löggiltur endurskoðandi félagsins	46
Dagskrárliður 9 - Reglugerð sjúkrasjóðs	46
Dagskrárliður 10 - Kjörstjórn	47
Dagskrárliður 11 - Fastanefndir félagsins og stjórnir	47
Dagskrárliður 12 - Fulltrúar á ársfund Stapa lífeyrissjóðs	48
Dagskrárliður 13 - Stjórnarlaun	48

Ársskýrsla

Stéttarfélagið Eining-löja var stofnað þann 15. maí 1999. Félagið var stofnað við sameiningu Verkalýðsfélags Einingar og löju félags verksmiðjufólks. Fullgildir félagsmenn í árslok 2011 voru 7.349.

Starfsemin á árinu

Starfsemin á árinu var með svipuðu sniði og árið áður. Félagið rekur skrifstofur á Akureyri, Dalvík og Siglufirði. Á árinu 2008 sameinaðist almenna deild Vöku á Siglufirði Einingu-löju.

Laun formanns á árinu námu kr. 6.873.639 og laun stjórnar kr. 2.980.000.

Staðfesting ársreikningsins

Stjórn Einingar-löju staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2011 með áritun sinni.

Akureyri, 27. mars 2012.

Stjórn

Björn Snibjörnsson
 Jandora Hösk
 Guðrún J. Þorbjarnard.
 Anna Júlíusdóttir
 Margrét Jónsd.
 Ingvar KESSJÁNSSON
 Sigríður K. Bjarkadóttir
 Matthíður Sigmundsson
 Kristbjörg Ingólfsd.
 Inga Örn Snibjörnsson
 Hafdis Kristjánsdóttir
 Maríu Kristjánsdóttir

Skýrsla stjórnar

Starfssvæði félagsins

Starfssvæði Einingar-löðu er Akureyri, Dalvík, Fjallabyggð og allir hreppar Eyjafjarðarsýslu. Einnig Svalbarðsstrandar- og Grýtubakka-hreppur í Suður-Þingeyjarsýslu.

Varnarþing og heimili félagsins er á Akureyri.

Félagsgjald

Félagsgjald er 1% af öllum launum. Ekki er innheimt lágmarksgjald.

Atvinnuleysisbætur

Í lok árs 2011 voru 340 félagsmenn Einingar-löðu á atvinnuleysisráði, þ.e.a.s. þeir sem létu draga af sér félagsgjöld af atvinnuleysisbótunum. Því miður er alltaf eitthvað um að fólk láti ekki draga af sér slík gjöld og tapi þar með réttindum. Þetta er fækkun um 75 einstaklinga frá árinu á undan.

Starfsmenn

Ein breyting varð á starfsárinu, Bjarki Þór Baldvinsson var ráðinn til félagsins og starfar hann sem ráðgjafi hjá VIRK Starfsendurhæfingarsjóði.

Starfsmenn félagsins eru:

Ásgrímur Örn Hallgrímsson, Björn Snæbjörnsson, Brynja Skarphéðinsdóttir, Freydis Antonsdóttir, Íris Björk Árnadóttir, Margrét Einarsdóttir, Margrét Jónsdóttir, Matthildur Sigurjónsdóttir, Sigrún Lárusdóttir og Þorsteinn E. Arnórsson. Anna Guðný Guðmundsdóttir, Bjarki Þór Baldvinsson, Elsa Sigmundsdóttir og Nicole Kristjánsson eru ráðgjafar hjá VIRK.

Svæðisfulltrúar

Hjá félaginu starfa fimm svæðisfulltrúar sem staðsettir eru á jafnmörgum þéttbýlisstöðum utan Akureyrar. Þetta eru þau Guðrún Þorbjarnardóttir í Hrísey, Hafdis Kristjánsdóttir í Ólafsfirði, Ingvar Örn Sigurbjörnsson á Dalvík, Margrét Jónsdóttir á Siglufirði og Marzibil E. Kristjánsdóttir á Grenivík.

Stjórn Einingar-löðu 2011-2012

Björn Snæbjörnsson formaður, Matthildur Sigurjónsdóttir varaformaður og Halldóra H. Höskuldsdóttir ritari.

Formenn deilda: Anna Júlíusdóttir, Ingvar Kristjánsson og Sigríður K. Bjarkadóttir.

Varaformaður stærstu deildarinnar: Kristbjörg Ingólfsdóttir sat í stjórn þar til Margrét H. Marvinsdóttir var kosin nýr varaformaður Matvæla- og þjónustudeildar í febrúar sl.

Svæðisfulltrúar: Guðrún Þorbjarnardóttir, Hafdis Kristjánsdóttir, Ingvar Örn Sigurbjörnsson, Margrét Jónsdóttir og Marsibil E. Kristjánsdóttir.

Almenn starfssemi og þjónusta

Starfsmenntastyrkir	660
Styrkir úr sjúkrasjóði	2.162
Orlofshús og styrkir	1.220
Orlofsferðir og leiksýningar	312
Samtals	4.354
Árið 2010 voru sambærilegar tölur	3.916

Helstu styrkir úr félagssjóði

Mæðrastyrksnefnd	600.000
Grasrót	200.000
Iðnaðarsafnið á Akureyri	150.000
Iðnaðarsafnið á Akureyri v/2012	250.000
Aflið	60.000

Lykiltölur

Tekjur	2011	2010
Félagsgjöld	105.301.322	100.174.411
Sjúkrasjóðsgjöld	83.774.433	76.310.640
Orlofssjóðsgjöld	41.838.611	38.996.333
Húsaleiga	19.693.664	19.715.844
Aðrar tekjur	24.953.754	19.626.624
Samtals tekjur	275.562.185	254.823.852
<i>Gjöld</i>		
Styrkir til félagsmanna	98.784.222	75.530.670
Rekstur og viðhald fasteigna	41.713.029	38.275.981
Rekstrarkostnaður og afskriftir	154.033.841	125.309.872
Samtals gjöld	294.531.092	239.116.523
<i>Fjármagnsliðir</i>	29.139.974	22.071.680
<i>Hreinar tekjur til ráðstöfunar</i>	3.573.996	32.436.444



Félagatal

	Aðalfélagar	Svæðisráð	Starfsgreinadeildir					
				2011*	2010	2009	2008	2007
2011	7.349	1.422						
2010	7.080	1.533	Opinbera deildin	1.457	2.815	2.612	2.301	2.029
2009	8.095	1.511	Matvæla- og þjónustu.	1.732	3.931	3.482	3.480	2.489
2008	7.801	1.489	lönaðar- og tækjadeild	819	1.777	2.001	2.020	1.451
2007	7.002	1.529	* Frá og með 2011 er fjöldi reiknaður út frá greiðandi félagsmönnum					

* Frá og með 2011 er fjöldi reiknaður út frá greiðandi félagsmönnum

Fjárveitingar úr sjúkrasjóði 2011

	Fjöldi	Upphæð
Dagpeningar	185	70.923.922
Útfararstyrkir.....	21	3.880.000
Bætur samtals	206	74.803.922
Styrkir til félagsmanna		
Sjúkrabjálfun og sjúkranudd.....	797	10.427.373
Krabbameinsskoðun.....	323	1.087.856
Líkamsrækt	591	5.109.575
Aðrir styrkir (glæraugu, heyrnartæki o.fl.)	245	3.388.257
Styrkir til sjóðsfélaga samtals	1.956	20.013.061
Bætur og styrkir til félagsmanna úr sjúkrasjóði 2011	2.162	94.816.983

Stjórn Sjúkrasjóðs starfsárið 2011-2012

Aðalmenn: Sigrún Lárusdóttir, Jakob Tryggvason og Lára Einarsdóttir.

Varamenn: Sólveig Jónasdóttir, Valborg Aðalgeirsdóttir og Hulda Einarsdóttir.

Námskeið frá síðasta aðalfundi

Haldin voru allnokkur trúnaðarmannanámsskeið í samvinnu við Félag málmiðnaðarmanna á Akureyri, Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni og Fagfélagið. Mjög góð þátttaka var á námskeiðunum og er gott er að fá nemendur frá fleiru en einu félagi á slík námskeið því þá koma fram sjónarmið frá ólíkum starfsgreinum.

Tvö námskeið voru haldin fyrir dyraverði í samvinnu við Sýslumanninn á Akureyri. 36 einstaklingar sátu námskeiðin sem tókust mjög vel.



Réttu handtökin æfð á dyravarðanámsskeiði

Einnig var haldið námskeið í tjáningu og sjálfsstyrkingu fyrir stjórnarmenn deilda, tvö tölvunámsskeið fyrir byrjendur í samstarfi við SÍMEY og námskeið í jólafondri.

Boðið var upp á ýmis önnur námskeið, en því miður var ekki næg þátttaka til að halda þau.

Starfsmenntasjóðir

Tengiliður við starfsmenntasjóðina Landsmennt, Ríkismennt og Sveitamennt er Brynja Skarphéðinsdóttir. Hún hefur einnig umsjón með félagslegri fræðslu hjá félaginu. Mattildur Sigurjónsdóttir hefur séð um öll starfs- og tómstundanámskeið hjá félaginu.

Eftir að starfsmenntasjóðirnir Landsmennt, Ríkismennt og Sveitamennt voru stofnaðir hafa mun fleiri nýtt sér það að fara á ýmis námskeið. Hvort sem um er að ræða sér til gagns og gamans, vegna vinnunnar, til sjálfsstyrkingar eða tómstunda. Þetta hefur verið gert auðveldara eftir að

Á síðasta ári fengu alls 660 félagsmenn, 422 konur og 238 karlar, einstaklingsstyrki úr sjóðunum. Þetta er 30 færri en árið áður en upphæðin sem þau fengu var tæpum fjórum milljónum hærri en árið áður, eða kr. 20.455.993. Skýringin á þessu er væntanlega sú að margir nýttu sér rétt til að fá styrk út af þriggja ára reglunni, en félagsmenn sem hafa ekki nýtt sér rétt sinn á fræðslustyrk síðustu þrjú ár eiga rétt á slíkum styrk. Styrkurinn getur mest orðið kr. 180.000.

Aldursdreifing styrkþega**Aldur Fjöldi**

17-20 ára	31
21-30 ára	239
31-40 ára	121
41-50 ára	136
51-60 ára	107
61-70 ára	26

Hvaða námskeið eða nám er um að ræða?

Íslenska fyrir útlendinga	56
Tölvunám/námskeið	11
Aukin ökuréttindi	13
Bílpróf	12
Náms- og kynnisferðir	1
Tungumálanám	15
Framhaldsnám	113
Háskólanám	94
Tómstundanámskeið	63
Starfsnám	176
Annað	113

Hverjir sóttu námskeiðin?

Almenni markaðurinn	381
Sveitafélög	251
Ríkið	28

Leikhús

Rúmlega 160 félagsmenn sem eru lífeyrisþegar fóru í boði félagsins og sáu leikritið „Með fullri reisn“ sem sýnt var á Melum í Hörgárdal.

Orlofsmál

Ísinn er góður, ekki bara á Íslandi

Sumarið 2011 stóð félagið fyrir þremur ferðum.

- 37 fóru í ferð til Þýskalands, Frakklands og Sviss.
- 41 fóru í Fjallaferðina þar sem farið var um Sprengisand, Fjallabak og Lakagíga.
- 71 fóru í eins dags ferð fyrir eldri félagsmenn til Siglufjarðar og og Sauðárkróks.

„Vika að eigin vali“

Á árinu 2011 voru í boði 200 styrkir sem kallast „Vika að eigin vali“ Hver styrkur er að upphæð kr. 14.000 og voru þeir vel nýttir af félagsmönnum.

Orlofshús

Tæplega átján orlofshús og fimm orlofsíbúðir voru í eigu Einingar-löju í fyrra. Félagið á einnig tvær sjúkraíbúðir í Reykjavík.



Félagið á tvær íbúðir í Ásholti

Íbúðir félagsins í Reykjavík eru alltaf í notkun og komast færri að en vilja þrátt fyrir fjölgun þeirra á undanförunum árum. Eining-löja er nú með sjö íbúðir í notkun í Reykjavík, en tvær þeirra eru notaðar sem sjúkraíbúðir.

Umgengni ekki alltaf nógu góð

Því miður segir umsjónarmaður félagsins í Reykjavík að umgengni í íbúðunum sé ekki nægilega góð og beinir félagið þeim tilmælum til félagsmanna að ganga vel um.

Félagið vill jafnframt beina þeim tilmælum til félagsmanna að hringja ekki í umsjónarmanninn eftir klukkan tíu á kvöldin til sjö á morgnana nema mikið liggi við.

Með viku fyrirvara er hægt að panta lín á sængur og kodka hjá umsjónarmanninum í Reykjavík. Allar upplýsingar um leiguna koma fram á samningi sem viðkomandi fær þegar hann leigir íbúð hjá félaginu.

Gæludýr eru bönnuð

Gæludýr eru stranglega bönnuð í öllum húsum félagsins því dæmi eru um að slæm ofnæmistilfelli hafi komið upp. Fram kemur í leigusamningi að leigutaki skuldbindi sig til að borga kr. 25.000 sekt ef þessi regla er brotin.

Athugið! Sumarið 2012 má hafa með sér hunda í orlofshús sem félagið verður með á leigu á Blönduósi.

Nýting orlofshúsa 2011



Auk þeirra húsa og íbúða sem Eining-löja á var félagið með orlofsbústaði víðsvegar um landið í skiptum fyrir orlofshús á Illugastöðum og að auki tók félagið á leigu nokkur hús. Nýting húsa í fyrra má sjá í eftirfarandi töflum.

Skriptihús	Sumarvikur
Einarsstaðir (2)	22
Munaðarnes (2)	20
Klifabotn í Lóni (1)	6
Brekuskógur (2)	24
Ölfusborgir (1)	11
Úlfjótuvatn (1)	8

Leiguhús	Sumarvikur
Súðavík (1)	8
Bjarteyjarsandur (1)	8
Garðshorn (1)	8

Hús í eigu félagsins	Sumar		Vetrar	
	vikur	helgar	vikur	helgar
Illugastaðir (5) (14 yfir veturinn)	74	40	21	277
Flókalundur í Vatnsfirði (1)	12			
Einarsstaðir (1)	14		2	
Svignaskarð (1)	12			10
Tjarnargerði (0,8)	13		6	32
Reykjavík (5)	74		165	11
Egilsstaðir (1)	11		Föst leiga 2/9-23/12	4

Fundir hjá félaginu

Fjöldmargir fundir voru haldnir á síðasta starfsári. Þrír fundir voru haldnir í trúnaðarráðinu þar sem m.a. var fjallað um möguleika á fræðslu og styrki fyrir einstaklinga, stöðuna í samningamálunum, uppstillingu í stjórn og trúnaðarráð og fulltrúa á ársfundi og þing.

Á fyrsta fund trúnaðarráðs mætti Kristín Njálsdóttir, framkvæmdastjóri fræðslusjóðanna Landsmenntar, Ríkismenntar og Sveitamenntar, og Valgeir Magnússon, verkefnisstjóri/ráðgjafi hjá SÍMEY. Þau fluttu fróðleg erindi um möguleika á fræðslu og styrki til einstaklinga. Þau svöruðu fjölmörgum spurningum fundarmanna og var tekið fram hve góð framsetning var hjá þeim báðum á efninu.

Á fundi tvö kom Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ, og fór yfir stöðu kjarasamninga fyrir endurskoðun sem fram fór í janúar sl. Samþykktar voru samhljóða tvær ályktanir á fundinum. Önnur var vegna vanefnda ríkisstjórnarinnar á loforðum sem gefin voru við undirritun kjarasamninga. Í hinni var skorað á stjórnvöld að hefja strax framkvæmdir við Vaðlaheiðargöng.

Á þriðja fundi nefndarinnar fjallaði Sigurgeir Á. Stefánsson, svæðisstjóri Vinnueftirlitsins á Norðurlandi, um vinnuverndarstarf, öryggistrúnaðarmenn og öryggisverði.

Hann fjallaði einnig um Vinnueftirlitið og hver tilgangur þess væri.



Tveir fundir voru haldnir í samninganefndinni. Á þeim fyrri var nýr kjarasamningur SGS og SA kynntur, en skrifað var undir hann rétt rúmum klukkutíma áður en fundurinn hófst.

Uppstillinganefnd hélt tvo fundi. Eins og undanfarin ár gekk mjög vel að fá fólk til að gegna störfum fyrir félagið.

Almennir félagsfundir voru haldnir á þéttbýlissvæðunum utan Akureyrar á árinu og voru kosnir svæðisfulltrúar á Dalvík, Siglufirði og í Hrísey, en svæðisfulltrúar eru sjálfkjörnir í aðalstjórn félagsins.

Í maí voru haldnir fimm kynningarfundir um nýjan kjarasamning á almenna markaðinum á milli SGS og SA, á Akureyri, Dalvík, Fjallabyggð, Grenivík og í Hrísey.

Í byrjun júní hélt félagið tvo kynningarfundir um nýjan kjarasamning félagsins við

ríkið, annar var á Akureyri og hinn í Fjallabyggð.

Um miðjan júní voru haldnir tveir fundir, á Akureyri og í Fjallabyggð, um stöðu mála í samningum við samninganefnd sveitarfélaga.

Í byrjun júlí hélt félagið þrjá kynningarfundir um nýjan kjarasamning við Samband íslenskra sveitarfélaga; á Akureyri, Dalvík og Fjallabyggð.

Þann 24. október var haldinn fundur fyrir félagsmenn sem starfa við ræstingar. Gestur fundarins var Harpa Ólafsdóttir, frá Eflingu stéttarfélagi, sem kynnti nýtt ræstingakerfi sem samið var um í síðustu kjarasamningum.

26. mars sl. hélt félagið fimm fundi, þar sem kynntar voru hugmyndir að breytingum á lögum félagsins.

Ellefu fundir voru haldnir í stjórn félagsins þar sem fjölmörg mál voru tekin fyrir, m.a. samningar, fjármál félagsins og önnur mál er varða félagsstarfið í heild. Margir aðrir fundir voru haldnir, t.d. vinnustaðafundir og fræðslufundir. Einnig mættu fulltrúar félagsins á ýmsa fundi fyrir hönd þess.

Helstu mál sem tekin voru fyrir á stjórnarfundum félagsins:

Á fyrsta fundi stjórnar, þann 9. maí, var farið yfir nýjan samning SGS og SA sem undirritaður var þann 5. maí. Einnig var kynntur samningur sem gerður var við Becromal þann 15. apríl. Sagt var frá aðalfundi orlofsbyggðarinnar í Flókalundi og kynnt hvernig gekk með endurbætur á íbúðunum í Reykjavík. Lagður var fram samningur um nýtt hús í Svignaskarði og samþykkt var erindi frá Afli um fjárhagsaðstoð. Á fundinum var einnig tilnefndur fulltrúi félagsins og varamaður hans á fyrsta þingi ASÍ-UNG sem fram fór 27. maí 2011.



Gamla húsið í Svignaskarði á flugi

Á fundi þann 20. júní var kynnt niðurstaða í atkvæðagreiðslu nýs samnings SGS og SA. Þá var lagður fram nýr samningur við ríkið sem skrifað var undir þann 1. júní. Tekið var

fyrir erindi frá félaginu Grasrót og þeim veittur styrkur.

Á fundinum fór Björn yfir málefni SGS og urðu miklar umræður um málið. Einnig var skipað í nefnd sem á að koma með drög að svari til SGS, en nýlega sendi sambandið út fyrirspurnir til félaga þess um skipulagsmál SGS. Þá var kynnt bréf frá SGS þar sem tilkynnt var að þing sambandsins færi fram í Reykjavík 13. og 14. október 2011.

Björn greindi frá fundi sem hann var boðaður til af ASÍ þar sem fundarefnið var samkomulag við ríkistjórnina um tilrauna-verkefni vegna þjónustu við atvinnulausa. Fram kom á fundinum hjá ASÍ að verkefnið væri á byrjunarstigi og skipa þyrfti nefnd til að vinna að þessum málum. Það kom fram að það yrðu tveir staðir út á landi sem fengnir yrðu í þessa prufu og er horft til Eyjafjarðarsvæðisins, ekki síst vegna góðs skrifstofunets hjá stéttarfélögunum.

Kynnt var niðurstaða Félagsdóms í máli sem Eining-löja, Fagfélagið og Félag Málmíðnaðarmanna höfðaði gegn Slippnum á Akureyri þar sem menn deildu um greiðslur í matartímum á laugardögum.

Á fundi þann 16. ágúst voru aftur lagðar fram tillögur að siðareglum fyrir félagið og reglur um ferðakostnað, risnu og gjafir. Reglurnar voru samþykktar samhljóða.

Kynnt var niðurstaða í atkvæðagreiðslu um samning SGS við sveitarfélögin og nefnd sem var skipuð á síðasta stjórnarfundum lagði fram drög að svari til SGS þar sem spurt var um skoðun félagsins á framtíð sambandsins.

Lagt var fram bréf frá AN þar sem fram kom að þing sambandsins yrði á Illugastöðum dagana 7. og 8. október 2011 og að félagið ætti rétt á að senda 71 fulltrúa.

Rædd var hugmynd að launakönnun hjá félaginu í samstarfi við AFL á Austurlandi. Samþykkt var að gera umrædda könnun.

Samþykkt var að halda árlegan starfsdag þeirra sem eru í trúnaðarstörfum fyrir félagið föstudaginn 4. nóvember 2011 og skipaði stjórnin 6 manna nefnd til að undirbúa daginn.

Á fundi þann 10. október var tekið fyrir erindi frá afmælisnefnd Akureyrarbæjar vegna 150 ára afmæli bæjarins árið 2012. Björn fór yfir nokkur mál sem eru hjá lögmonnum félagsins og sagt var frá þingi AN sem fram fór á Illugastöðum helgina á undan. Þingið var gott og fræðandi og tókst vel í alla staði. Fimm ályktanir voru samþykktar samhljóða á

þinginu, m.a. um atvinnumál og heilbrigðisstofnanir á Norðurlandi.

Á fund þann 24. nóvember komu Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, og Kristján Bragason, framkvæmdastjóri SGS. Gylfi ræddi um samkomulag sem gert var milli ASÍ, SA og ríkisins um að gerður yrði samningur á milli aðila um að stéttarfélögin tækju að sér verkefni sem Vinnumálastofnun er með í dag. Miklar og góðar umræður urðu ummálið og var stjórn jákvæð um málið.

Kristján fór yfir starfsemi SGS og ræddi framtíð þess. Hann sagði frá störfum nefndar sem skipuð var á síðasta þingi sem á að skila tillögum að nýjum lögum og skipulagi fyrir sambandið á framhaldsþingi þann 10. maí 2012. Kristján vildi fá að vita væntingar frá stjórn um SGS og hvaða þjónustu þeim finnst að sambandið eigi að veita. Stjórn leist vel á þær hugmyndir sem Kristján nefndi að hefðu komið upp í vinnu nefndarinnar.

Formaður fór yfir beiðni frá Virk starfsendurhæfingarsjóði um að Eining-löja bætti við einu stöðugildi fyrir nýjan ráðgjafa, en áður en starfið var auglýst var fengið vilyrði frá stjórnarmönnum í gegnum tölvupóst. Auglýst var eftir starfsmanni og sóttu 40 manns um.

Fjallað var um breytingar á húsnæði félagsins á Akureyri, Dalvík og Siglufirði.

Á fundinum var samþykkt erindi frá Mæðrastyrksnefnd, þar sem óskað var eftir stuðningi félagsins fyrir jólin. Veittur styrkur að upphæð kr. 600.000.



Frá fræðsludegi félagsins 2011

Rætt var um fræðsludag trúnaðarmanna og þeirra sem eru í trúnaðarstörfum fyrir félagið sem haldinn var 4. Nóvember sl. Það var einróma skoðun stjórnarmanna að hann hefði tekist mjög vel og einnig sýndi niðurstaða matsins sem gert var í lokin að menn voru ánægðir með það sem var á boðstólum.

Sagt var frá opnum húsum sem hafa verið haldin á Grenivík, Hrísey, Dalvík og á

Siglufirði. Starfsmenn félagsins á Akureyri hafa farið á staðina og verið þar til viðtals og gestir hafa fengið kaffi og kleinur eða kærleikskodda með.

Á fundi 20. desember var skýrt frá því hver var ráðinn í starf sem ráðgjafi hjá VIRK. Tekið var fyrir erindi frá Virkinu í Rósenborg vegna vegna fjárhagsaðstoðar og var það samþykkt. Einnig var tekið fyrir erindi frá SÁÁ.

Tekið var fyrir bréf frá AFLi Starfsgreinafélagi um áhuga til að kanna frekara samstarf félaganna, m.a. trúnaðarmannafræðslu, orlofsmála o.fl. Stjórnin tók jákvætt í erindið og skipaði fjóra aðila í samráðsnefnd með AFLi til að skoða málið frekar.

Ákveðin var tímasetning á aðalfundum svæðisráða, aðalfundum deilda og aðalfundi félagsins. Lögð var aftur fram drög að lagabreytingum og ákveðið að hafa sérstakan stjórnarfund í janúar sem myndi taka lögin til skoðunar.

Kynnt var niðurstaða launakönnunar og samanburður við önnur félög og urðu miklar umræður um málið.

Björn fór yfir stöðuna í samningamálum við Becromal og sagt var frá nokkrum fyrirtækjum sem greitt höfðu starfsmönnum sínum eingreiðslur.

Fjallað var um málefni dagforeldra á Akureyri og lagt fram minnisblað frá lögfræðingi félagsins um málið.

Á fundi 12. janúar var farið yfir tillögur að breytingum á lögum félagsins. Miklar umræður urðu um málið og ákvað stjórnin að leggja til að gerðar verði nokkrar breytingar á þeim.

Rekstaráætlun fyrir árið 2012 var lögð fram og skýrð. Stjórnin samþykkti áætlunina.

Matthildur tilkynnti á fundinum þá ákvörðun sína að hún ætlaði ekki að bjóða sig fram á ný sem varaformaður félagsins.

Á fundi þann 7. febrúar var tekin fyrir og samþykkt tillaga um leiguverð á orlofshúsum félagsins næsta sumar. Tillögur að laga-breytingum voru lagðar fram að nýju og var frumvarp að nýjum lögum félagsins samþykkt. Einnig var ákveðið að halda fundi á öllum þéttbýlisstöðum til að kynna þær, a.m.k. viku fyrir aðalfund félagsins sem haldinn verður 17. apríl 2012.

Á fundinum var rætt um hvort félagið eigi að standa fyrir ferðum fyrir félagsmenn. Formaður lagði fram ákveðna tillögu um málið þar sem m.a. kemur fram að stjórn beini því til

ferðanefndar að hún skoði fleiri möguleika á ferðum, t.d. styttri utanlandsferðum í samvinnu við ferðaskrifstofur á svæðinu.

Tekið var fyrir erindi frá varaformanni FMA þar sem hann segir frá hugmyndum um sameiginlegt afsláttarkort félaga sem eru í AN. Stjórnin tók vel í erindið og fól Ásgrími að vera fulltrúi félagsins í starfshóp sem myndaður var um þessa hugmynd.

Tekið var fyrir erindi frá áhugahópi um heilsuefingu eldri borgara á Akureyri. Jákvaett var tekið í tillöguna og samþykkt að styrkja verkefnið.

Björn fór yfir stöðuna í samningaviðræðum við Becromal og sagt var frá aðalfundum svæðisráða sem fram fóru í lok janúar og í byrjun febrúar.

Lögð var fram rannsóknarskýrsla sem gerð var um starfsemi lífeyrissjóða á hrúnárunum og var samþykkt að félagið stæði fyrir kynningu á henni.

Ákveðið að óska eftir einu sæti á ráðstefnu í Skagen í Danmörku í júní sem samtök starfsmanna í veitingahúsum og hótélum á Norðurlöndunum standa fyrir. Þar verður m.a. fjallað um eftirlit með svartri vinnu o.fl.

Ákveðið var að bjóða félagsmönnum sem eru lífeyrisþegar í leikhús.

Á fundi þann 8. mars var lögð fram drög að kynningu á lagabreytingum og dagsetning á kynningarfundum um þær. Formaður fór yfir stöðuna í kjarasamningaviðræðum við Becromal. Tekið var fyrir erindi frá hollvínunum Húna II. Farið yfir starfsmannamál þar sem varaformannsskipti verða á næsta aðalfundi.

Skipað var í nefnd til að endurskoða reglugerð sjúkrasjóðs og einnig var skipað í uppstillinganefnd ráða og nefnda fyrir aðalfund, þar á meðal á aðalfund Stapa.

Formaður greindi frá stöðu framkvæmda við nýtt orlofshús félagsins í Svignaskarði, en allt gengur samkvæmt áætlun og verður húsið tilbúið fyrir sumarúthlutun í ár. Farið var yfir viðhald sem þarf að fara í á húsum félagsins á Illugastöðum og á stærri íbúðinni í Ásholti í Reykjavík.

Í lok fundarins færði Björn Kristbjörgu blómstönd og þakkaði henni fyrir vel unnin störf í stjórn félagsins, en hún var að sitja sinn síðasta stjórnarfund.



Á fundi þann 27. mars kynnti Hermann Brynjarsson, endurskoðandi félagsins, reikninga félagsins fyrir síðasta ár. Fram kom að halli ársins er tæpar nítján milljónir og er það að mestu vegna mikillar ásóknar í sjúkrasjóð, en halli á honum er rúmlega sextán milljónir. Einnig var mikill kostnaður við kjarasamningaviðræður. Að teknu tilliti til fjármagnsliða er afgangurinn rúmlega þrjár milljónir króna. Stjórnin samþykkti reikningana og skrifaði undir þá.

Á fundinum var einnig tekið fyrir erindi frá Hagsmunasamtökum heimilanna þar sem óskað var eftir styrk í málsóknarsjóð sem stofnaður var til að standa straum af kostnaði við málsóknir í þeim tilgangi að láta reyna á lögmæti verðtryggðra neytendalána. Einnig var tekið fyrir erindi frá Skíðafélagi Siglu-fjarðar.

Björn fór einnig yfir stöðuna í samningamálum við Becromal, farið var yfir málefni varðandi VIRK og sagt frá fimm kynningarfundum um lagabreytingar sem haldnir voru á jafnmörgum stöðum kvöldið áður.

Á síðasta fundi stjórnar fyrir aðalfund þann 12. apríl var m.a. farið yfir stöðuna í samningamálum við Becromal og einnig var farið yfir dagskrá og gögn sem stjórnin mun leggja fram á aðalfundi félagsins þann 17. apríl.

Aðalfundir starfsgreinadeilda



Aðalfundir starfsgreinadeildanna fóru fram 16. febrúar sl. og var sama fyrirkomulag á fundunum eins og undanfarin ár. Í byrjun voru allar deildirnar þrjár saman á fundi þar sem Soffía Gísladóttir, forstöðumaður Vinnu-málastofnunar á Norðurlandi eystra, fjallaði um stöðuna í atvinnumálum á svæðinu og kynnti jafnframt Virkið, sem er fyrir unga atvinnuleitendur og er til húsa í Rósenborg.

Að erindi loknu var boðið upp á kaffiveitingar og svo hélt hver deild fyrir sig sinn aðalfund, hver á sínum stað í húsinu. Þar fóru fram venjuleg aðalfundarstörf. Allir þessir fundir tókust vel en voru misvel sóttir, eins og alltaf.

Formenn deilda og varaformaður stærstu deildarinnar eru sjálfkjörnir í stjórn félagsins. Varaformenn eru sjálfkjörnir í trúnaðarráð.



Fræðsludagur félagsins

Föstudaginn 4. nóvember sl. hélt Eining-löja sinn árlega fræðsludag fyrir starfsmenn, trúnaðarmenn og þá sem eru í trúnaðarstörfum fyrir félagið. Mæting á fræðsludaginn var frábær en mikill meirihluti þeirra sem fengu boð, á annað hundrað manns, sáu sér fært að mæta. Sérstakur gestur fundarins var Kristján Bragason, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambands Íslands.



Anna Júlíusdóttir, formaður Matvæla- og þjónustudeildar félagsins, stjórnaði fundi og var Ása Margrét Birgisdóttir, varaformaður Opinberu deildar, henni til aðstoðar. Eftir að Anna hafði boðið alla velkomna kynnti Sigríður Ólafsdóttir, frá Capacent Gallup frumniðurstöður launa- og þjónustukönnunar sem Capacent Gallup gerði fyrir Einingu-löju og AFL starfsgreinafélag.

Eftir góðan hádegisverð sem Veitingastaðurinn Strikið sá um fjölluðu þær Alice Harpa Björgvinsdóttir og Sigrún Vilborg Heimisdóttir, sálfræðingar frá Sálfræðipjónustu Norðurlands, um erfiðleika, álag og sjálfsþekkingu. Því næst steig Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löju, í pontu og sagði frá siðareglum Einingar-löju og reglum félagsins varðandi risnu, gjafir og ferðakostnað. Bragi V. Bergmann, frá FREMRI Almannatengsl, lauk formlegri dagskrá þegar hann fjallaði á gamansaman hátt um samskipti á vinnustað.

Fundir og ársfundir

Í maí var haldinn aðalfundur STAPA og í október var haldinn formannafundur ASÍ og tvö þing innan verkalyðshreyfingarinnar. Alþýðusamband Norðurlands (AN) reið á vaðið og hélt sitt reglulega þing á Illugastöðum dagana 7. og 8. október sl. Nokkrum dögum síðar var þriðja ársþing Starfsgreinasambandsins (SGS) haldið í Reykjavík og 26. október var formannafundur Alþýðusambands Íslands (ASÍ) haldinn í Höfuðborginni. Eining-löja átti að sjálfsögðu fulltrúa á öllum þessum stöðum og verður hér á eftir farið í örstuttu máli yfir það helsta sem gerðist á þessum þremur samkomum.

Aðalfundur STAPA

Aðalfundur Stapa var haldinn 12. maí í Skjölbrekku í Mývatnssveit og átti félagið þar rétt á 35 fulltrúum. Björn Snæbjörnsson er fulltrúi félagsins í stjórn sjóðsins.

Á fundinum var samþykkt að lækka áunnin réttindi og þar með lífeyrisgreiðslur um 6%. Þetta var gert til að rétta af tryggingafræðilega stöðu sjóðsins, en tryggingafræðileg afkoma sjóðsins var neikvæð á árinu á undan um 3 milljarða króna.

Til að laga tryggingafræðilega stöðu sjóðsins var ákveðið á ársfundi hans 2010 að halda réttindum og lífeyri óbreyttum þar til vísitala neysluverðs hafði hækkað um 5%, sem hefði jafngilt 5% rýrnun að raunvirði. Fjármálaráðuneytið féllst ekki á þessa aðferð sjóðsins og voru því ekki gerðar breytingar á réttindum á árinu 2010. Tryggingafræðilegur halli sjóðsins jókst af þessum sökum úr -10,8% í -11,7% og var þar með yfir þeim 10% mörkum sem leyfð eru lögum samkvæmt, en þó undir bráðabirgðaákvæði laganna sem segir að halli megi tímabundið vera allt að 15%. Til að jafna þennan halla með ávöxtun einni saman þyrfti raunávöxtun sjóðsins að vera 4,25% til frambúðar. Ekki þykir ráðlegt að reiða sig á að slík ávöxtun náist og því þyrfti að skerða lífeyrisgreiðslur.



Stjórn STAPA ásamt framkvæmdastjóra og varamönnum launamanna í stjórn

Hrein eign Tryggingadeildar til greiðslu lífeyris í árslok var 105.236,8 milljónir króna og hafði hækkað um 8.400,6 milljónir króna eða 8,7% frá árinu á undan. Nafnávöxtun Tryggingadeildar var jákvæð um 6,2% og raunávöxtun um 3,5%. Söfn Séreignardeildar komu vel út á árinu og var raunávöxtun Safns I 13,9%, Safns II 9,9% og Safns III 6,1% á árinu.

Á heimasíðu Stapa, www.stapi.is, má fá frekari upplýsinga um starfsemi sjóðsins. Á sjóðfélagavefnum þeirra geta sjóðfélagar og réttthafar séreignar einnig skoðað eigin stöðu hjá sjóðnum.

Þing AN

Á 32. þing Alþýðusambands Norðurlands mættu tæplega 100 þingfulltrúar frá öllum stéttarfélögum á Norðurlandi, þar á meðal 50 frá Einingu-löju. Þingið fór í alla staði mjög vel fram og var m.a. unnið í tveimur nefndum. Önnur fjallaði um atvinnumál en hin um kjaramál. Fimm ályktanir voru samþykktar samhljóða á þinginu, um atvinnumál, heilbrigðisstofnanir á Norðurlandi, um kjaramál, um sjávarútvegsmál og um þyrlukaup.

Fjöldmargir gestir sátu þingið og fluttu fróðleg og góð erindi. Gylfi Arnbjörnsson, ávarpaði þingheim við setningu þess og fjallaði um stöðu kjaramála, Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ, fjallaði um stöðu og horfur í efnahags- og kjaramálum, Ásbjörn Björgvinsson, Markaðsráði Norðurlands, fjallaði um ferðaþjónustu á Norðurlandi, Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ, fjallaði um reynslu af eftirliti með vinnustaðaskilríkjum og samvinnuna við RSK og Stefán Einar Stefánsson, formaður VR og LÍV, fjallaði um samfélagsábyrgð stéttarfélaga.



Nýr formaður AN til næstu tveggja ára var kosinn Hjördís Gunnarsdóttir, varaformaður Öldunnar stéttarfélags. Með henni í stjórn er Agnes Einarsdóttir, frá Framsýn- stéttarfélagi, og Heimir Kristinsson, varaformaður Fag-

félagsins. Varamenn í stjórn eru Aðalbjörg Valdimarsdóttir Samstöðu, Jónas Kristjánsson Þingið og Eiður Stefánsson FVSA.

Þing SGS

Kjörorð þriðja þings Starfsgreinasambands Íslands voru "Horft til framtíðar," en megináherslan var á skipulagsmál sambandsins - verkefni og hlutverk. Einnig var umfjöllun um kjara- og atvinnumál, enda skipta þau mál félagsmenn SGS miklu máli. Þingið sátu 137 fulltrúar frá 18 aðildarfélögum og þar af 18 frá Einingu-löju.



Framtíð Starfsgreinasambandsins var Birni Snæbjörnssyni, formanni sambandsins og Einingar-löju, hugleikið í setningarræðu hans en hann sagði m.a. "Ég tel að Starfsgreinasambandið sé nauðsynlegur vettvangur fyrir íslenskt verkafólk. Eitt af meginverkefnum þessa þings verður að ræða framtíð sambandsins. Ef Starfsgreinasambandið verður lagt niður þá mun það veikja samstöðu launafólks og í raun eyðileggja besta verkfærið sem almennt launafólk hefur til baráttu."

Þinginu var ekki slitið, því var einungis frestað fram í maí nk. Samþykkt var að skipa sjö manna starfshóp sem ætlað er að fara í ítarlega vinnu við að móta framtíðarskipulag Starfsgreinasambandsins og leggja fram tillögur fyrir framhaldsþingið sem verður í maí.

Formannafundur ASÍ

Það ár sem ekki er ASÍ-þing skal formannafundur kallaður saman og fór slíkur fundur fram 26. október sl. Rétt til að sitja fundinn eiga allir formenn aðildarfélaga ASÍ, sem eru 50, auk miðstjórnarmanna sem ekki eru formenn aðildarfélaga. Fundurinn var tileinkaður atvinnumálum og baráttu gegn atvinnuleysi og bar ræða forseta ASÍ í upphafi hans þess merki. Hann ræddi einnig peninga- og gengismál og hvernig krónan hefur verið örlagavaldur gagnvart verðbólgu og kaupmætti í landinu.

Á fundinum voru samþykktar tvær ályktanir. Önnur fjallaði um atvinnumál en hin um stöðu og réttindi atvinnuleitenda.

Framkvæmdir hjá félaginu

Á Akureyri var bætt við einni skrifstofu, þar sem ein var gerð að tveimur. Skrifstofur félagsins á Dalvík og á Siglufirði voru lagfærðar, aðallega í sambandi við hljóð-einangrun. Nú er í byggingu nýtt orlofshús í Svignaskarði í stað eldra húss sem var selt síðasta haust. Ennfremur var farið í almennt viðhald, í orlofshúsum og íbúðum, þar sem alltaf er þörf endurbóta.

Þjónusta á skrifstofum félagsins

Mikið álagi var á skrifstofur félagsins eins og undanfarin ár. Starfsmenn fá margar spurningar varðandi kaup og kjör, en slíkum fyrirspurnum hefur fjölgað mjög undanfarin ár. Greinilegt er að fræðsla fyrir unga fólk er að skila sér, en undanfarin áratug hefur félagið beitt sér fyrir fræðslu í öllum tíundabekkjum á Eyjafjarðarsvæðinu og í öllum 1. bekkjum í Verkmenntaskólanum á Akureyri.

Nokkuð mörg mál eru í gangi varðandi innheimtu á félagsgjöldum. Því miður koma upp á hverju ári mál er varða einelti og kynferðislega áreitni á vinnustöðum og eru þessi mál þau erfiðustu sem starfsmenn félagsins koma að.

Á skrifstofur félagsins var hringt inn 15.900 símtöl síðastliðna 12 mánuði, þ.e.a.s. 1.325 á mánuði eða um 70 símtöl að meðaltali á dag, alla virka daga sem opið er. Þetta er fyrir utan öll þau símtöl sem hringd eru í farsíma formanns og fleiri starfsmanna. Til gamans má geta þess að í síma formanns og varaformanns var hringt tæplega 3.600 sinnum á síðasta ári.

Miðasala í Hvalfjarðargöng er þjónusta sem félagið býður upp á og er heilmikið notuð. Hver miði er seldur á kr. 635.

Mikið hefur mætt á lögfræðingi félagsins bæði varðandi launakröfur, gjaldþrot og aðstoð við starfsmenn við að túlka samninga.

Rétt er að minna á samning sem félagið er með við PACTA lögmenn, en þeir sjá um alla lögfræðiþjónustu fyrir félagið. Starfsmönnum félagsins er heimilt að bjóða félagsmönnum sínum að leita viðtals og ráðgjafar hjá PACTA vegna ágreinings þeirra við vinnuveitendur, innheimtu launakrafna, skaðabótamála eða annarra mála, sem starfsmenn Einingar-löju telja rétt að bjóða viðkomandi félagsmanni. Eining-löja ber kostnað af þeirri þjónustu sem unnin er fyrir félagsmanninn og ekki fæst greiddur úr hendi vinnuveitanda, þrotabús hans, ábyrgðasjóði launa eða af öðrum aðilum. Algjört skilyrði er að félagsmenn hafi fyrst samband við Einingu-löju og er það

félagsins að meta hvort málinu verði vísað til lögfræðinga félagsins

Í samningum er einnig kveðið á um að félagsmaður í Einingu löju, sem leitar til PACTA án þess að félagið hafi milligöngu þar um, skuli fá 15% afslátt af gildandi gjaldskrá PACTA á hverjum tíma.

VIRK Starfsendurhæfingarsjóður



Ráðgjafarnir sinna ráðgjöf fyrir félagsmenn allra stéttarféлага í Eyjafirði. Um síðustu áramót varð aukning um eitt stöðugildi, en mikil ásókn er í viðtöl hjá ráðgjöfunum fjórum, sem starfa í þremur og hálfu stöðugildu, þeim Önnu Guðnýju Guðmundsdóttur, Bjarka Þór Baldvinssyni, Elsu Sigmundsdóttur og Nicole Kristjánsson.

Útgáfa og kynningarmál

Félagið gaf út að venju þrjú blöð á síðasta ári; orlofsblað, sumarblað og jólablað. Blöðin voru borin út á öll heimili og fyrirtæki á félagssvæðinu, í rúmlega 11.000 eintökum, og hefur það mælst vel fyrir.

Reynt var að hafa heimasíðu félagsins vel virka á árinu. Á henni eru birtar nýjustu fréttir er varða félagsmenn, þar má einnig finna ýmsar gagnlegar upplýsingar. Vert er að benda áhugasömum á að þeir geta fengið sendan tölvupóst þegar síðan er uppfærð eða þá þegar frétt er sett inn á hana. Einfalt er að skrá sig á póstlista félagsins. Það eina sem þarf að gera er að fara inn á www.ein.is og smella þar á hlekk sem er til vinstri á heimasíðunni merktur **Skráning á póstlista**.

Félagavefur

Vert er að minna á félagavefinn þó fjölmargir noti hann. T.d. til að nálgast ýmsar upplýsingar um stöðu sína hjá félaginu á einfaldan hátt, athuga með orlofshús og sækja um þau. Það eina sem þarf að gera er að fara inn á heimasíðuna okkar, www.ein.is, og smella þar á hnappinn Félagavefur. Í fyrsta sinn sem þetta er gert þarf að skrá sig og þá fær viðkomandi sendan veflykil á lögheimili sitt.

Launagreiðendavefur

Í fyrra tók félagið í gagnið launagreiðendavef sem býður upp á einföldun við iðgjaldaskil og þægilegt aðgengi að upplýsingum um eldri færslur.

Í skilagreinarferfinu eru t.d. auknar villu-prófanir sem einfalda útfyllingu og ættu að tryggja enn öruggari skil en áður. Þá fylgir einnig sú nýjung að hægt er að mynda kröfu í banka um leið og skilagreinin er send til félagsins. Í yfirliti fást síðan ítarlegar upplýsingar um eldri skilagreinar og greiðslustöðu.

Vinnustaðaskírteini

Tveir starfsmenn félagsins eru eftirlitsfulltrúar með vinnustaðaskírteinum, þeir Ásgrímur Örn Hallgrímsson og Þorsteinn E. Arnórsson. Þeir hafa rétt til aðgangs að vinnustöðum og heimild til að krefja atvinnurekanda og launamenn hans um að sýna vinnustaðaskírteini.

Siðareglur félagsins og reglur um ferðakostnað, risnu og gjafir

Stjórn félagsins samþykkti samhljóða þann 16. ágúst sl. siðareglur og reglur um ferðakostnað, risnu og gjafir. Félagið var með þeim fyrstu til að setja slíkar reglur niður á blað, en það má geta þess að þetta er lítil sem engin breyting frá þeim reglum sem félagið hefur unnið eftir.

Viðhorfskönnun

Á heimasíðu félagsins má finna niðurstöður í umfangsmikilli viðhorfskönnun sem gerð var á meðal félagsmanna Einingar-löju sl. haust.

Capacent sá um könnunina, en hún var gerð í samstarfi við AFL starfsgreinafélag á austurlandi og voru notaðar eins spurningar í könnunum beggja félaganna. Þetta er í fyrsta sinn sem félagið lætur gera könnun sem þessa, en stjórn félagsins fannst vanta upplýsingar bæði í sambandi við laun og stöðu félagsmanna. Þetta er jafnframt í fyrsta sinn sem félög af þessari stærðargráðu utan höfuðborgarsvæðisins láta gera svona könnun fyrir sig.

Nú verður hægt bera þessi svæði saman, t.d. varðandi launakjör. Einnig verður hægt að bera félögin saman við Flóabandalagið (Eflingu, Hlíf og Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis) því undanfarin ár hefur Capacent unnið fyrir þau svona könnun og voru einmitt að því á sama tíma í fyrra.

Meðal athyglisverðra spurninga má nefna að spurt er um viðhorf félagsmanna til félaganna og gæði þjónustu sem félögin veita. Ennfremur var spurt um áhuga félaga Einingar löju og AFLs fyrir enn aukinni samvinnu félaganna tveggja.

Í ljós kemur að almennt ríkir gott viðhorf til félaganna og félagsmenn eru almennt ánægðir með þá þjónustu sem þau veita en um 50% félagsmanna hafa sótt þjónustu til þeirra síðustu 12 mánuði. Mikill vilji er meðal félagsmanna til að Eining-löja og AFL taki upp nánara samstarf.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til félagsmanna og stjórnar Einingar - löju.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Einingar - löju fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um rekstrarafkomu og efnahag, rekstrar- og efnahagsreikninga fyrir félagssjóð, vinnudeilusjóð, sjúkrasjóð, orlofssjóð, fræðslusjóð, byggingarsjóð, hússjóð Dalvíkur, hússjóð Siglufjarðar og skrifstofu, samandreginn rekstrar- og efnahagsreikning og upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar, ásamt 5 ára yfirliti.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórnin er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórnin er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild og að ganga úr skugga um að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.


Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2011, efnahag þess 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum, sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Akureyri, 13. apríl 2012

PricewaterhouseCoopers ehf.



Davíð Búi Halldórsson
löggiltur endurskoðandi

Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir félagskjörnir skoðunarmenn höfum yfirfarið reikninga Einingar-löju reikningsárið 2011.

Við höfum ekkert við þá að athuga og leggjum til að þeir verði samþykktir.

Akureyri 4. apríl 2012

Flóki Vatnisdal
Jingja K. Jónsson

Yfirlit yfir rekstrarafkomu 2011

	2011	2010
Afkoma fyrir fjármagnstekjur og gjöld		
Félagssjóður	8.739.741	16.131.120
Sjúkrasjóður	(16.347.827)	(1.535.397)
Orlofssjóður	(274.608)	1.284.006
Vinnudeilusjóður	(13.028.590)	(4.000.000)
Fræðslusjóður	(377.817)	168.050
Byggingarsjóður	2.934.586	2.747.123
Hússjóður Dalvíkur	3.496	239.540
Hússjóður Siglufjarðar	(632.149)	658.464
	<u>(18.983.168)</u>	<u>15.692.906</u>

Afkoma ársins

Félagssjóður	762.911	294.694
